

Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um innheimtuaðgerðir á vegum LÍN og viðbrögð sjóðsins við vanskilum lántakenda.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Á hvaða forsendum starfa innheimtufyrirtæki sem taka að sér þjónustu fyrir LÍN og eftir hvaða verklagsreglum starfa þau?
2. Hver eru rökkin fyrir því að innheimtufyrirtæki sjái um innheimtu krafna LÍN?
3. Hvernig samræmist starfsemi innheimtufyrirtækja tilmælum ríkisstjórnarinnar um vægar innheimtuaðgerðir?
4. Hver er fjöldi vanskilamála á borðum innheimtufyrirtækja vegna krafna LÍN?
5. Hversu mörg fjárnám hafa verið gerð vegna krafna frá LÍN frá og með október 2008?
6. Hvaða úrræði standa þeim til boða sem komast í greiðsluvanda og hvernig upplýsir LÍN, og eftir atvikum innheimtufyrirtæki á vegum sjóðsins, skuldara um þau?

Skriflegt svar óskast.